

Bréf sent eigendum
Hnoðravöllum 5-7
Hnoðravöllum 32-50
Hnoðravöllum 41-45

Hafnarfirði, 30.01.2014
1312082 GVA

GRENNDARKYNNING

Breyting á deiliskipulagi Valla 6, vegna Hnoðravalla 52-58

Breytingin felst í því lóð fyrir fjögurra íbúða raðhús breytist í íbúðarhús með sjö íbúðum. Húsið er ein hæð. Mænishæð má mest vera 4,50 m yfir gólfkóta aðalhæðar og hámarkshæð útveggja er mest 2,8 m yfir gólfkóta aðalhæðar. Lóðirnar Hnoðravellir 52, 54, 56 og 58 verða sameinaðar í eina lóð. Heildar bílastæðafjöldi fer úr 8 í 14 á hinni sameinuðu lóð. Byggingarreitur hússins og bundinni byggingarlínu hans er breytt. Byggingarreitur er færður til á lóð.

Á 494. fundi skipulags- og byggingarfulltrúa þann 23.01. s.l. var eftirfarandi til umfjöllunar:

Brynja hússjóður Öryrkjabandalagsins sækir með tölvuposti dags. 11.12.13 um að breyta deiliskipulagi lóðanna í samræmi við innlagðan uppdrátt. Lóðirnar sameinaðar og raðhúsaíbúðum fjölgað úr 4 í 7. Umsögn Umhverfis- og framkvæmdasviðs liggur fyrir. Skipulags- og byggingarráð gerði athugasemd við fyrirkomulag bílastæða. Lagfærður uppdráttur dags. 22.01.14 hefur borist, þar sem brugðist hefur verið við athugasemdum.

Niðurstaða fundar:

Skipulags- og byggingarfulltrúi vísar erindinu í grenndarkynningu skv. 2. mgr. 43. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

Athugasemdir ef einhverjar eru skulu berast skipulags- og byggingarsviði Hafnarfjarðar, skriflega fyrir 14. febrúar n.k. Ef óskað er eftir nánari upplýsingum vinsamlegast hafið samband við skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðarbæjar.

Þegar sótt er um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skal skipulagsnefnd láta fara fram grenndarkynningu.

Athugið:

Lögformlegur skilafrestur á athugasemdum er 4 vikur og eiga hagsmunaaðilar fullan rétt á að nýta sér hann. Á það er hins vegar bent að ef þeir sem fengið hafa bréf þetta senda inn samþykki sitt fyrir með því að skrifa uppá meðfylgjandi uppdrætti, telst það einnig fullgilt. Umsækjandi getur þá fyrir fengið tilskilin leyfi til að hefja framkvæmdir.

f.h. Skipulags- og byggingarsviðs

Þormóður Sveinsson arkitekt